

## ÚTDRÁTTUR

### 5 Ábyrg innkaup

- 5.1 Arctica vill haga innkaupum sínum þannig að þau styðji stefnu þessa um sjálfbærni, með því meðal annars að:
- Stuðla að fylgni við lög og reglur þar sem Arctica starfar.
  - Stuðla að góðum stjórnarháttum, viðskiptasiðferði og sjálfbærni.
  - Veita haghöfum upplýsingar um markmið Arctica.
  - Auka vitund birgja um atriði tengd UFS.
- 5.2 Við stærri innkaup á vörum og þjónustu skal gæta hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis, auk þess sem að vörur og þjónusta sem Arctica kaupir uppfylli kröfur félagsins um gæði og þarfir hverju sinni. Við mat á hagkvæmni tilboða skal, auk fjárhagslegra viðmiða, þjónustubátta og öryggisbátta, ef það á við, taka mið af sjálfbærniáherslum Arctica samkvæmt stefnu þessari. Arctica getur metið kröfur til birgja þannig að víkja megi frá þeim ef veigamikil atriði mæla fyrir því og þá skal það rökstutt sérstaklega. Við stærri innkaup skal Arctica leitast við að gera verðkannanir eða leita tilboða. Til stærri innkaupa teljast einstök kaup á vörum og þjónustu yfir ISK 5 m (með VSK) eða áætluð samtala yfir 12 mánaða tímabil.
- 5.3 Arctica hvetur alla birgja og samstarfsaðila<sup>1</sup> til að kynna sér og tileinka sér kröfur þær sem Arctica gerir til birgja samkvæmt grein 5 í sinni starfsemi og birta upplýsingar þess efnis með opinberum hætti, s.s. með árlegri skýrslu um sjálfbærni og eða samfélagslega ábyrgð. Arctica gerir eftirfarandi kröfur við samningsbundin stærri innkaup og ef fleiri en 50 árleg stöðugildi eru að meðaltali hjá birginum:
- Umhverfismál.
    - Birgjar vinni að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni, þ.m.t. í vöruframboði og þjónustu, og geri það sem í þeirra valdi stendur til að skuldbindingum og markmiðum Parísarsamkomulagsins verði náð. Eftir atvikum að birgjar mæli kolefnisspor sitt og birti upplýsingar þar um.
    - Birgjar starfi samkvæmt viðeigandi lögum og reglum er lúta að umhverfismálum.
  - Félagslegir þættir.
    - Birgjar leitist við að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks án tillits til kyns eða eða annarra ómálefnalegra þátta, sbr. grein 3.4.
    - Birgjar leitist við að tryggja að einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi af hvaða tagi sem sé ekki liðið í sinni starfsemi.
    - Birgjar virði lög, reglur og alþjóðlega samninga um vernd mannréttinda, þ.m.t. að nauðungarvinna og barnaþrælkun eigi sér ekki stað.
    - Birgjar virði félagafrelsi og kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks.
    - Birgjar vinni gegn hverskonar mútum, spillingu og óeðlilegum hvatagreiðslum.
    - Birgjar eru hvattir til að setja sér jafnlaunastefnu og/eða markmið þess efnis, sem og að ákvæði laga um kynjahlutföll séu virt.
    - Birgjar eru hvattir til að hlúa vel að starfsfólki sínu, tryggja öryggi þess og velferð,

<sup>1</sup> Helstu birgjar Arctica eru þjónustuaðilar á sviði upplýsingatækni, bakvinnslu, bókhalds og endurskoðunar, sem og seljendur hefðbundinna ritfanga og skrifstofuvara.

auk þess að starfa samkvæmt lögum og reglum á vinnumarkaði um kjör og aðbúnað starfsfólks.

- viii Birgjar skulu gæta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum og gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunir Arctica og annarra viðskiptavina skaðist við slíkar aðstæður.
  - ix Birgjar geri sambærilegar kröfur til sinna birgja varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og koma fram í grein þessari.
- c Stjórnarhættir.
- i Birgjar setji sér reglur um stjórnarhætti og birti opinberlega.
  - ii Birgjar setji sér sjálfbærnistefnu og birti hana opinberlega.
  - iii Birgjar upplýsi opinberlega um ofangreind atriði og greini frá í árlegum skýrslum.

## 6 Ábyrgar fjárfestingar

- 6.1 Ábyrgar fjárfestingar hafa jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma, draga úr rekstraráhættu og stuðla að sjálfbærri þróun. Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingaraðferðir sem taka mið af UFS atriðum við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma.<sup>2</sup>
- 6.2 Ábyrgar fjárfestingar eiga fyrst og fremst við um fjárfestingar í skráðum og óskráðum verðbréfum, fyrir hönd Arctica eða viðskiptavina þess.
- 6.3 Í tengslum við ábyrgar fjárfestingar byggir Arctica á og/eða tekur mið af hnattrænu samkomulagi SP (e. *UN Global Compact*)<sup>3</sup> og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun (e. *Sustainable Development Goals*).<sup>4</sup> Þá fylgir Arctica eftirfarandi meginreglum SP um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI):<sup>5</sup>
- a Taka mið af UFS við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvörðunartöku.
  - b Vera virkur eigandi sem tekur tillit til UFS bæði í eigendastefnum og í verki.<sup>6</sup>
  - c Kalla eftir viðeigandi upplýsingum um UFS frá aðilum sem fjárfest er í.
  - d Beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu meginreglna UN PRI í fjárfestingastarfsemi.
  - e Vinna að því að efla árangur við innleiðingu meginreglna UN PRI.
  - f Birta skýrslur um starfsemi Arctica og upplýsa um árangur við innleiðingu meginreglna UN PRI.
- 6.4 Ábyrgðarmaður UFS skal halda skrá yfir þá eignaflokka og atvinnugeira sem Arctica skal ekki fjárfesta í eða mæla með fjárfestingu í, og eftir atvikum fyrirtæki sem vitað er að fylgja ekki alþjóðlegum samningum.<sup>7</sup> Skráin skal taka mið af heimsmarkmiðum SP<sup>8</sup>. Áhættunefnd Arctica skal samþykkja skrána, sem og allar breytingar á henni, og skal það bókað í fundargerð, sem kynnt skal stjórn.
- 6.5 Ábyrgðarmaður UFS skal móta ferli við mat á UFS þáttum útgefenda, sem felur í sér

<sup>2</sup> Sjá [www.icelandsif.is/abyrgar-fjarfestingar/hugtok-skilgreiningar](http://www.icelandsif.is/abyrgar-fjarfestingar/hugtok-skilgreiningar).

<sup>3</sup> Lýtur að 10 grunnglum á sviði mannréttinda, vinnumarkaðs, umhverfismála og baráttu gegn spillingu. Sjá [www.unglobalcompact.org/what-is-gc/mission/principles](http://www.unglobalcompact.org/what-is-gc/mission/principles).

<sup>4</sup> Lýtur að 17 markmiðum með 169 undirmarkmið, sem taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs. Sjá [www.un.is/heimsmarkmidin](http://www.un.is/heimsmarkmidin).

<sup>5</sup> Sjá [www.unpri.org/pri/what-are-the-principles-for-responsible-investment](http://www.unpri.org/pri/what-are-the-principles-for-responsible-investment).

<sup>6</sup> Nýting atkvæðisréttar á hluthafafundum skal helst fara fram ef talið er vera ósamræmi á milli stefnu útgefanda og viðmiða um góða stjórnarhætti, þ.m.t. málefni UFS.

<sup>7</sup> Stuðst skal við lista yfir áhættusama starfsemi í áhættumati Arctica vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

<sup>8</sup> Á aðallega við um erlenda útgefendur, en varðar innlenda útgefendur einnig.

spurningalista sem byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq.<sup>9</sup> Áhættunefnd Arctica skal samþykkja ferlið og spurningarlistann, sem og allar breytingar á því, og skal það bókað í fundargerð, sem kynnt skal stjórn.

- 6.6 Framkvæmd varðandi ábyrgar fjárfestingar skal byggja á eftirfarandi aðferðafræði:
- a Fjárfestingar skulu fylgja lögum, reglugerðum og starfsreglum, þ.m.t. ferli við mat á UFS þáttum útgefenda, sbr. grein 6.5.
  - b Útgefendur fjármálagerninga mega ekki vera á skrá ábyrgðarmanns UFS, sbr. grein 6.4.
  - c Gera skal könnun á UFS þáttum hjá útgefendum fjármálagerninga. Heimilt er að nýta sér greiningar viðurkenndra þriðja aðila við áhættumat þegar kemur að greiningum á fjárfestingarkostum.
  - d Skrá skal niðurstöður könnunar samkvæmt ofangreindu og vista.
  - e Viðskiptavinum Eignastýringar skal reglulega gerð grein fyrir stöðu á UFS þáttum á eignasafni þeirra.
  - f Endanleg ákvörðun um fjárfestingu skal taka mið af heildstæðu mati, þar sem könnun á UFS þáttum útgefenda fær viðeigandi vægi.

---

<sup>9</sup> Sjá [www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG\\_Guide\\_Icelandic\\_translation.pdf](http://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG_Guide_Icelandic_translation.pdf).